

Þjálfun vegna raunfærnimats Námskeið í haust



Sendandi: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Júní 2011

Haldin verða tvö opin námskeið um raunfærnimat í haust. Námskeiðin eru ætluð fagaðilum og náms- og starfsráðgjöfum og verkefnisstjórum sem koma að raunfærnimatsverkefnum.

Námskeiðslýsing.

Tilgangur námskeiðanna er að kynna fyrir þátttakendum hugtakið raunfærnimat og þjálfna þá í því að vinna við raunfærnimat samkvæmt því ferli sem þróað hefur verið hér á landi. Námskeiðið er liður í því að formfesta raunfærnimatsferlið, stuðla að gæðum og mæta síauknum þörfum. Námskeiðið er samtals 15 kennslustundir.

Dagsetningar

Gert er ráð fyrir einu námskeiði í september og einu í nóvember. Þessir mánuðir voru nefndir sem heppilegir á fundi ráðgjafa hjá FA þann 3. júní. Var reynt að hafa í huga stöðu raunfærnimatsverkefna og möguleika fagaðila til að sækja námskeiðin.

Námskeið I	14. til 15. september	Reykjavík
Námskeið II	3. til 4. nóvember	Reykjavík

Ekkert námskeiðsgjald er greitt en FA greiðir hvorki fyrir ferðir né uppihald þátttakenda. Mögulegt er að halda námskeið utan Reykjavíkur en skilyrði fyrir því er að nægilega stór hópur sé til staðar. Ef þið teljið svo vera er hægt að hafa sambandi, haukur@frae.is.

Ný reglugerð

Nú eru í umsagnarferli drög að reglugerð vegna framhaldsfræðslulaga og í 13. grein er fjallað um færni fagaðila. Þar segir: Sérfræðingar sem annast raunfærnimat skulu hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar í mati á raunfærni samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að reglugerðin komi út í haust en hægt er að finna drögin á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Skráning

Sendið upplýsingar á netfangið haukur@frae.is um

Nafn	Kennitölu	Vinnustað	Dagsetningu
------	-----------	-----------	-------------

Kær kveðja og hafið það gott í sumar

Haukur Harðarson
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins